

## Gunnar Jónsson

---

**From:** Pálína Fanney Guðmundsdóttir <palinafanney@gmail.com>  
**Sent:** þriðjudagur, 16. apríl 2024 13:01  
**To:** Gunnar Jónsson; Magnús Árni Gunnarsson  
**Cc:** Jóna Árný Þórðardóttir  
**Subject:** Landsmót Harmonikkuunnenda sumar 2025

Some people who received this message don't often get email from palinafanney@gmail.com. [Learn why this is important](#)

Sæl Fjarðabyggð,

Félag Harmonikkuunnenda á Norðfirði er að kanna möguleikann á því að halda landsmót í samstarfi við Landssamband Íslenskra harmonikkuunnenda sumarið 2025.

Landsmótin hafa verið haldin á 3 ára fresti árum saman. Að þessu sinni hefur gengið illa að fá eitthvert félag til að taka að sér landsmótshald, en meðalaldur er orðinn nokkuð hár í flestum félaganna. Við unga fólk í FHUN erum hins vegar full af eldmóð og langar að taka að okkur verkefnið þó að fyrirvarinn sé ekkert gríðarlegur.

Okkar hugmynd er að halda landsmót í íþróttahúsinu á Reyðarfirði í kringum fyrstu helgina í júlí 2025 (3.-6.júlí 2025).

Við gerum ráð fyrir að um það bil 600 manns sækji viðburði landsmótsins sem eru tónleikar haldnir í íþróttahúsinu föstudag og laugardag og harmonikkudansleikir haldnir í íþróttahúsinu frá ca 21.00 til 1.00 föstudags og laugardagskvöld.

Langflestir gestanna koma á húsbílum eða með hjólhýsi. Tjaldsvæðið á Reyðarfirði er nokkuð stórt og mögulega væri hægt að nota bílastæði í kringum Fjarðabyggðarhöllina á Reyðarfirði sem húsvagnastæði?

FHUN hélt landsmót í Neskaupstað árið 2005 og fékk þá mikinn stuðning frá Fjarðabyggð, en sveitarfélagið lánaði íþróttahúsið í Neskaupstað frítt og greiddi einnig fyrir leigu á hljóðkerfi og stólum og borðum og dansgólfi í íþróttahúsið og skaffaði salerni sem vantaði fyrir svo stóran viðburð. Það landsmót heppnaðist gríðarlega vel, en veðrið var stórkostlegt og það ásamt viðburðinum trekkti að 1200 manns sem skemmtu sér frábærlega í Neskaupstað og enn er rætt um það landsmót þegar harmonikkuunnendur koma saman.

Nú spyrjum við með hvaða hætti Fjarðabyggð er tilbúið til að styðja við svona stóran menningarviðburð árið 2025.

Með þessu bréfi viljum við sækja um styrk til bæjarráðs Fjarðabyggðar til að styðja við viðburðinn og sækja um afnot af íþróttahúsinu á Reyðarfirði dagana 3-6.júlí 2025.

Kærar kveðjur og von um gott samstarf,

Pálína Fanney Guðmundsdóttir, Marta Guðlaug Svavarsdóttir og Aron Leví Beck harmonikkuunnendur og félagar í FHUN.